

Þessi tillaga um 12 daga í mánuði er galin svo maður tali nú ekki með svæðaskiptingu og heildarpott. Fyrir svæði eins og Norðurfjörð þýðir það dauðadóm því menn hafa lagt það á sig að flytja þangað báta sína og róa þaðan því þar hafa menn haft tækifæri á því að róa fleiri daga ( 60 dagar í fyrri) og fá þannig meiri afla. Þetta byggist á því að margir rói þaðan og komi með talsverðan afla að landi (25-30 bátar hafa verið þar) ef þessi hvati er tekin af svæðinu þá róa menn bara annarsstaðar frá með sína 12 daga og útgerð leggst af þarna því þó að kannski 4- 6 bátar rói hugsanlega þar í sumar þá kemur spurningin fer einhver að skrölta á flutningarbíl daglega eftir kannski 4 tonnum? Nei auðvitað ekki. Ef það er einbeittur vilji að leggja þetta kerfi í rúst þá skulu menn að minnsta kasti afnema svæðin fyrst menn hafa heildarpott því þá geta menn fært sig til ef spáir langvarandi brælu á einu svæðinu en ekki hinu við hliðina.

Um öryggið er það að segja að einhverjir munu örugglega drepa sig ef þessu verið breytt. Menn geta rétt ímyndað sér t.d að það er mokveiði og blíða á A svæði og bræla á B svæði og menn sjá heildarpottinn minnka og tekin á öðrum svæðum og hvað gera menn þá ? Auðvitað róa menn í brælum sem aldrei fyrr. Ég er eiginlega að pæla í því hvar þessi snilldarhugmynd um að eyðileggja þetta strandveiðikerfi eigi lögheimili því þegar hefði átt að bæta í og laga það þá er lagt í þessa eyðimerkurgöngu.

Elías Svavar Kristinsson Dröngum Árneshreppi